



Umsögn um Landnýtingarkafla Aðgerðaáætlunar ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum

Eyþór Eðvarðsson

INNIHALD

Samantekt.....	3
Inngangur.....	3
Of lítið og í ekki takti við alvarleika vandamálsins	4
Horft fram hjá stærstu losunarpáttunum	5
Kolefnishlutlaust Ísland árið 2040 óraunhæft	5
Ekki horft til þess að uppfylla aðra samninga á sviði umhverfis- og loftslagsmála	5
Tillögur að aðgerðum til að styrkja aðgrðaáætlunina.....	6
Landnýtingaráætlanir og bætt eftirlit	6
Landnýtingaráætlunir fyrir allt landið og innan hvers sveitarfélags	6
Landeigendur geri grein fyrir landnýtingu á sínum jörðum	6
Virka eftirlitshlutverk sveitarfélaga	6
Stýring á framleiðslu og neyslu	6
Stuðningur við Kjötframleiðslu miðist við neyslu innanlands og ábyrga framleiðslu	6
Draga úr neyslu dýraafurða	6
Álögur og hvatar	7
Stofna öflugan kolefnissjóð til að fjármagna aðgerðir.....	7
Kolefnisskattur á losun frá framræstu landi sem er ekki í notkun.....	7
Gefa kjötbændum kost á að gerast kolefnisbændur	7
Stuðningur ríkisins við skógrækt, endurheimt votlendis og landgræðslu	7
Stórefla nýsköpun í framleiðslu matvæla með lágt kolefnisspor.....	7
Afnót á nýtingu ríkisjarða	7
Takmarka beit á viðkvæmum svæðum.....	8
Stöðva strax beit á illa förnu landi og afnema lausagögnu búfjár	8
Meiri ábyrgð á kjötframleiðendur	8
Endurskoðun á gæðastýringu sauðfjárbúskapar	8
Öflugra vísindastarf og sterkari fagstofnanir	9
Sameina Landgræðslu og Skógrækt.....	9
Sameina Lbhí og Háskóla Íslands	9
Viðauki: Alþjóðlegar skuldbindingar tengdar loftslagsmálum	10
Loftslagssamningur Sameinuðu þjóðanna.....	10
Parísarsamningurinn	10
Samningur um líffræðilega fjölbreytni.....	10
Ramsar samningurinn um vernd og endurheimt votlendis	11
AEWA samningurinn um vernd búsvæða votlendisfugla	11
Heimsmarkmiðin um sjálfbæra þróun	11
Bernarsamningurinn um verndun villtra plantna og dýra	11
Lögum um náttúruvernd nr. 60/201.....	11

SAMANTEKT


Í þessu skjali er sérstaklega einblínt á landnotkunarhlutann sem er langstærsti losunarflokkurinn. Af einhverjum ástæðum fær landnotkunin varla athygli sem er verulegur ljóður á þessari áætlun. Stærsti hluti áætlunarinnar fjallar um minnsta hluta losunarinnar og það vill þannig til að það er sá hluti sem tilheyrir Parísarsamningnum. Í ljósi alvarleika loftslagsmála er ekki hægt að segja annað um áætlunina en að hún sé ekki nógu góð. Með sama hraða verður ekki með nokkru móti hægt að ná kolefnisjöfnun árið 2040. Lagðar eru fram tillögur um hvernig mætti bæta áætlunina og mikilvægustu tillögurnar snúa að því að nota efnahagslega hvata til að fá landeigendur til að endurheimta framræst og raskað votlendi og stöðva beit á illa förnu landi. Betur má ef duga skal.

INNGANGUR

Það þarf ekki að fjölyrða um mikilvægi þess að taka loftslagsmálin föstum tókum og við Íslendingar erum ekki undanþegnir þeirri skyldu, sérstaklega vegna þess að losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi er með því mesta í heimi. Til samanburðar er losun á mann í Evrópu nokkuð innan við 9 tonn á ári en á Íslandi er hún a.m.k. 14 tonn af CO₂ ígildum og eins og sjá má á mynd 1 frá European Environment Agency¹ er losun á Íslandi yfir 17 tonn.

Ef öll þekkt losun² er tekin með í reikninginn þ.e. ESR (Effort Sharing Regulation), ETS (Emissions Trading System) og Landnotkun (LULUCF) er losunin á mann 44 tonn sem er mikið áhyggjuefni og ætti að vera tilefni víðtækra aðgerða. Ef losun frá illa förnu landi væri tekin með væri losunin mun meiri.

Staða Íslands í loftslagsmálum er allt annað en góð og samkvæmt EEA sést að það er bara eitt land sem stendur sig verr en Ísland í loftslagsmálum, sjá mynd 1.



Mynd 1. Skjáskot af gögnum frá EEA um losun á hvern einstakling í nokkrum löndum Evrópu. Samkvæmt gögnunum er árangur Íslands allt annað en góður.


¹ https://ec.europa.eu/eurostat/databrowser/view/t2020_rd300/default/bar?lang=en

² <https://ust.is/loft/losun-grodurhusalofttegunda/losun-fra-landnotkun/>

OF LÍTIÐ OG Í EKKI TAKTI VIÐ ALVARLEIKA VANDAMÁLSINS

Margt ágætt er að finna í aðgerðaáætluninni³ og ef horft er til skuldbindinga Íslands gagnvart Parísarsamningnum þar sem miðað er við um 29% samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda frá tilteknum flokkum (Orka, Landbúnaður og Úrgangur, sjá mynd 2) árin 2005-2030 dugur þessi aðgerðaáætlun líklega. Hafa ber í huga að 10 ár er langur tími og markið ekki sett hátt og minnsti hlutinn af losun Íslands fellur undir Parísarsamninginn.

Mikilvæg forsenda er að gert er ráð fyrir því að næstum helmingurinn af árangrinum náist hvort sem farið verði í þessar aðgerðir eða ekki. Mynd 2 sýnir skjáskot úr aðgerðaáætluninni.



Mynd 2. Skjáskot úr aðgerðaáætluninni sem sýnir sögulega þróun losunar gróðurhúsalofttegunda á beinni ábyrgð Íslands til 2018 og áætlaða losun til 2030 án aðgerðaáætlunar (grunnsviðsmynd), með aðgerðaáætlun og með aðgerðum í mótun.


Þegar skoðað er hversu mikið eigi að draga úr losun með öllum aðgerðunum sem tilgreindar eru verður árið 2030 búið að draga úr losun á um 1 milljón tonna. Inni í því eru verkefni sem eru í mótun eins og orkuskipti í sjávarútvegi og aðgerðir til að draga úr losun frá þungaflutningum og bílaleigubílum. Þessu til viðbótar er gert ráð fyrir samdrætti á um 1.2 milljónum tonna með endurheimt votlendis árið 2030.

³ <https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Adgerdaaetlun%20i%20loftslagsmalum%20onnur%20outgafa.pdf>

HORFT FRAM HJÁ STÆRSTU LOSUNARÞÁTTUNUM

Það sem er sérstaklega gagnrýnvert er að áætlunin sleppir nær alveg stærsta losunarbættinum sem er landnotkun (LULUCF) þ.e. losun frá framræstu votlendi og illa förnu land, m.a. vegna ofbeitar. Bæði atriðin tengjast landbúnaði og kjötrframleiðslu, sem nýtur mikils stuðnings frá hinu opinbera og þ.a.l. á beinni ábyrgð stjórnvalda.

Mynd 3. Hlutfallsleg skipting losunar á Íslandi á ári.



Þegar heildarlosun gróðurhúsalofttegunda er skoðuð á mynd 3 sést að hér er ekki verið að vinna að því að leysa loftslagsvandann nema að mjög litlu leyti heldur uppfylla kröfur Parísarsamningsins sem hér á Íslandi taka til mjög lítils hluta losunarinnar. Iðnaðarferlar eru ekki taldir með því stóriðjan er í ETS kerfinu þar sem samdráttur á að vera um 40% til ársins 2030. Í aðgerðaáætluninni er því nær

eingöngu horft til losunar frá flokkunum Orku, Landbúnaði og Úrgangi.

Stóru tölurnar í losun Íslands falla ekki undir Parísarsamninginn og eru framræst votlendi, sem er áætluð um 9.3 milljónir tonna, og illa farið land, sem er aðallega vegna ofbeitar og er talið losa á bilinu 2-20 milljónir tonna.^{4 5} Ekki eru til nákvæm gögn um losunartölur frá illa förnu landi en ef við gefum okkur að helmingurinn sé nærri lagi er hún 9 milljónir tonna.

Heildarlosunin frá framræstu eða röskuðu votlendi og illa förnu landi er því rúmar 18 milljónir tonna af þeim 23 sem heildarlosun Íslands er, sjá mynd 3.

KOLEFNISHLUTLAUST ÍSLAND ÁRIÐ 2040 ÓRAUNHÆFT

Markmiðið með aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar er að draga úr árlegri losun á rúmum 2 milljónum tonna árið 2030 á sama tíma og heildarlosunin er líklega um 23 milljónir tonna á ári. Markmiðið um kolefnishlutleysi árið 2040 hljómar í þessu samhengi frekar langsótt og vandséð að það geti orðið. Það verða að teljast mikil vonbrigði að ríkisstjórnin skuli ekki setja markið hærra en raun ber vitni.

EKKI HORFT TIL ÞESS AÐ UPPFYLLA AÐRA SAMNINGA Á SVIÐI UMhverfis- OG LOFTSLAGSMÁLA

Til viðbótar við þá gagnrýni að landnýtingin fái litla sem enga athygli hjá yfirvöldum þá er ekki leitast við að uppfylla þá fjölmörgu samninga sem við höfum undirgengist og varðar umhverfismál og loftslagsmál eins og líffræðilegan fjölbreytileika, Ramsar samkomulaginu, AEWA samkomulaginu og Bernar samkomulaginu. Sjá viðauka.

⁴ <https://land.is/fjolefni-og-fjorugar-umraedur-a-hadegisfundi/>

⁵ https://www.moldin.net/uploads/3/9/3/3/39332633/%C3%93lafur_arnalds_ghl_og_sau%C3%B0fj%C3%A1rbeit_ums%C3%B6gn_3_.pdf

LANDNÝTINGARÁÆTLANIR OG BÆTT EFTIRLIT

LANDNÝTINGARÁÆTLUNIR FYRIR ALLT LANDIÐ OG INNAN HVERS SVEITARFÉLAGS

Að hið opinbera í samstarfi við sveitarfélög fái það hlutverk að greina losun frá framræstu votlendi og illa fögnu landi og gera heildstæða áætlun um að draga úr losun frá landi, endurheimta vistkerfi og auka bindingu í gróðri.



LANDEIGENDUR GERI GREIN FYRIR LANDNÝTINGU Á SÍNUM JÖRÐUM

Að landeigendum sem eiga land sem er skilgreint sem framræst votlendi og illa farið land verði gert skylt að gera grein fyrir landnýtingu á sínum jörðum og leggja fram áætlun um hvernig þeir ætla að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá því landi sem ekki er í notkun (framræst votlendi og illa farið land). Sjá einnig annað verkefni um stuðning við landeigendur.

VIRKARA EFTIRLITSHLUTVERK SVEITARFÉLAGA

Að sveitarfélög taki virkari þátt í eftirliti með framræslu lands, jarðvegseyðingu og ræktun framandi tegunda og tryggi að leyfi séu veitt áður en farið er í stórfellda framræslu votlendis, skógrækt og gróðursetningu framandi tegunda. Að sveitarfélög taki hlutverk sitt alvarlega þ.e. að lögum um framræslu votlendis sé fylgt eftir og að eftirlit sé með kröfum sveitarfélaga um framkvæmdaleyfi. Eftirlit og vöktun með framræslu verði bætt, m.a. með notkun loftmynda.

STÝRING Á FRAMLEIÐSLU OG NEYSLU

STUÐNINGUR VIÐ KJÖTFRAMLEIÐSLU MIÐIST VIÐ NEYSLU INNANLANDS OG ÁBYRGA FRAMLEIÐSLU

Að opinber stuðningur við framleiðslu á kjöti verði eingöngu miðaður við innanlandsmarkað og taki mið af því hvort beitt sé á viðurkenndu beitarsland og að velferð dýra sé fullnægjandi. Sjá einnig verkefni um gæðastýringu í sauðfjárrækt.

DRAGA ÚR NEYSLU DÝRAAFURÐA

Í anda heimsmarkmiðanna að hvatt verði til neyslu á vörum sem hafa lítið kolefnisspor á kostnað vara sem hafa mjög mikið kolefnisspor eins og nautakjöts og kindakjöts. Einnig að opinberar stofnanir sýni fordæmi og kaupi inn vörur með lítið kolefnisspor og fylgi fordæmi landa eins og Þýskalands og Portúgals sem bjóða ekki upp á kjöt á opinberum viðburðum.

Farið verði í stórátak til að gera neytendur færa í að lesa og áætla kolefnisspor vara.

ÁLÖGUR OG HVATAR

STOFNA ÖFLUGAN KOLEFNISJÓÐ TIL AÐ FJÁRMAGNA AÐGERÐIR

Að ríkið stofni kolefnissjóð til að styðja við bakið á landeigendum við að fjármagna aðgerðir til að endurheimta votlendi og græða illa farið land.

Hlutverk sjóðsins verði að virkja fyrirtæki og einstaklinga til að leggja sitt af mörkum til að stöðva hamfarahlýnunina. Fagráð verði í sjóðnum sem tryggi að peningum verði úthlutað til þeirra verkefna sem mestum árangri skila við að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Leitað verði eftir samstarfi við Votlendissjóðinn og Kolvið og skoðaðar leiðir með fjármögnun eins og með kolefnisgjaldi og tekjum t.d. af sölu upprunavottorða af hreinni orku.

KOLEFNISKATTUR Á LOSUN FRÁ FRAMRÆSTU LANDI SEM ER EKKI Í NOTKUN

Til viðbótar við stuðning sem landeigendur geta fengið til að draga úr losun þá verði eftir 3 ár lagður á kolefnisskattur líkt og er á jarðefnaeldsneyti á þá losun sem kemur frá landi sem er flokkað sem framræst votlendi og er ekki í notkun.

Skatturinn verði stighækkandi og þannig að hvati verði að endurheimta sem mest sem fyrst. Skatturinn renni óskiptur í kolefnissjóðinn.

GEFA KJÖTBÆNDUM KOST Á AÐ GERAST KOLEFNISBÆNDUR

Í staðinn fyrir að greitt verði fyrir að framleiða kjöt verði bændum sem hafa til þess möguleika gefinn kostur á að taka að sér að binda kolefni eða stöðva losun á gróðurhúsalofttegundum með því að endurheimta votlendi og/eða rækta tré og gróður á illa förnun landi. Þannig geti bændur í samstarfi við viðurkennda fagaðila einbeitt sér enn frekar að uppgræðslu á illa förnun landi til að auka kolefnisbindingu og draga úr losun.

STUÐNINGUR RÍKISINS VIÐ SKÓGRÆKT, ENDURHEIMT VOTLENDIS OG LANDGRÆÐSLU

Að farið verði í enn meiri samvinnu við landeigendur um landvernd og landnýtingu í sátt við alþjóðlega samninga um líffræðilegan fjölbreytileika, sjá viðauka.

Að fjárframlög verði aukin verulega til að auka bindingu kolefnis úr andrúmslofti auk annarra markmiða s.s. landgræðslu, skógræktar og endurheimtar votlendis.



STÓREFLA NÝSKÖPUN Í FRAMLEIÐSLU MATVÆLA MEÐ LÁGT KOLEFNISSPOR

Að sérstaklega verði stutt við bakið á nýsköpun við framleiðslu á vörum sem geta komið í staðinn fyrir vörur með hátt kolefnisspor. Má í því samhengi nefna ræktun á kjöti í tilraunastofum, þörungum, hamp, grænmeti og ávexti.

AFNOT Á NÝTINGU RÍKISJARÐA

Til að draga úr þörf landeigenda fyrir að framræsa land verði þar sem möguleikar eru fyrir hendi hægt að fá afnot af eða skipti á jörðum við ræktarland í eigu ríkisins.


TAKMARKA BEIT Á VIÐKVÆMUM SVÆÐUM

STÖÐVA STRAX BEIT Á ILLA FÖRNU LANDI OG AFNEMA LAUSAGÖGNUM BÚFJÁR

Að þar til bærum aðilum verði veitt heimild til að banna beit á þeim landsvæðum þar sem gróður er viðkvæmur og hefja stórfellda uppgræðslu í samstarfi við landeigendur, félagasamtök og sveitarfélög.

MEIRI ÁBYRGÐ Á KJÖTFRAMLEIÐENDUR

Að það verði á ábyrgð eigenda sauðfjár að halda þeim frá landsvæðum sem þola illa beit. Eigendur sem ekki geta beitt á viðurkennd beitarsvæði verða að setja sauðfé sitt á beit innan girðingar á eigin landi.



Ástandsflokkar samkvæmt flokkunarkerfi GróLindar.
Mynd / GróLind

Fréttir | 18. júní

GróLind kynnir niðurstöður: Um 39 prósentu beitarlands í slæmum ástandsflokkum

ENDURSKOÐUN Á GÆÐASTÝRINGU SAUÐFJÁRBÚSKAPAR

Að endurskoða gæðastýringu í sauðfjárrækt en alvarleg gagnrýni hefur komið fram á fyrirkomulag gæðastýringar í sauðfjárræktinni.⁶



Tryggt verði að stuðningskerfið hvetji til landverndar, dýraverndar og sjálfbærni þannig að beit verði ekki leyfð á landi sem þolir hana illa – greiðslur fyrir gæðastýringu miðist við alþjóðlega viðurkennda staðla og reglur með þeim skilmálum að eftirlitsaðilar fái heimild til að banna beit á landi sem uppfyllir ekki alþjóðleg viðmið til að teljast beitarhæft.

⁶ <https://www.ruv.is/frett/styring-a-landnytingu-vid-saudfjarraekt-i-molum>



SAMEINA LANDGRÆÐSLU OG SKÓGRÆKT

Að sameina Landgræðsluna og Skógræktina í eina stofnun og setja loftslagsmál í forgrunn.

SAMEINA LBHÍ OG HÁSKÓLA ÍSLANDS

Styðja enn betur við faglega uppbyggingu vísindastarfs og rannsókna sem undirstöðu fyrir ákvarðanatöku og aðgerðir í loftslagsmálum. Nýta styrkleika háskólanna og setja áhersluna á loftslagsmál og sjálfbærni.

Stórefla vísindastarf og rannsóknir sem nauðsynlegar eru til að draga úr losun, auka bindingu og aðlögun að loftslagsbreytingum.

LOFTSLAGSSAMNINGUR SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

Loftslagssamningurinn eða Rammasamningur Sameinuðu þjóðanna um loftlagsbreytingar hefur það meginmarkið að halda styrk gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftinu innan þeirra marka að komið verði í veg fyrir hættulega röskun á loftslagskerfinu af mannavöldum. Endanlegt markmið loftslagssamningsins er að ná stöðugleika í magni gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftinu þannig að styrkur þeirra leiði ekki til hættulegra áhrifa á loftslagskerfið af mannavöldum.



PARÍSARSAMNINGURINN

Parísarsamningurinn er undir loftslagssamningi Sameinuðu þjóðanna. Hann tekur til áranna fram til 2030 og er í meginatriðum þrískiptur gagnvart Íslandi og ríkjum EES:

- skuldbinding íslenskra stjórnvalda um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í ákveðnum málaflokkum þar sem Ísland á að minnka losun sína um 29% miðað við árið 2005 í þeim losunarflokkum sem falla undir samninginn þ.e. án LULUCF.
- losun vegna alþjóðaflugs, alþjóðasiglinga og orkusækings stóriðnaðar. Þessi losun fellur undir viðskiptakerfi ESB (ETS kerfið) og er ekki á ábyrgð íslenskra stjórnvalda.
- losun frá landnotkun, breyttri landnotkun og skógrækt (LULUCF). Hún fellur ekki undir skuldbindingar Íslands gagnvart Parísarsamningnum en markmið ESB er að LULUCF losi ekki meira en á fyrsta áratug þessarar aldar.

Möguleikar á að standa við skuldbindingar Íslands gagnvart Parísarsamningnum felast því fyrst og fremst í orkuskiptum í samgöngum, bættri orkunýtingu og umhverfisvænni orkugjöfum við fiskveiðar ásamt breytingum á neyslu til samræmis við heimsmarkmið SP. Einnig má ná nokkrum sparnaði í öðrum þáttum sem falla undir fyrsta hlutann.

SAMNINGUR UM LÍFFRÆÐILEGA FJÖLBREYTNÍ

Samningurinn kveður m.a. á um að aðildarríki skuli „endurbyggja og lagfæra spillt vistkerfi og stuðla að því að tegundir sem í hættu eru nái sér aftur á strik, meðal annars með þróun og framkvæmd áætlana eða annarra stjórnunaraðferða“. Endurheimt votlendis fellur vel að markmiðum samningsins um líffræðilega fjölbreytni.

Votlendi, ásamt birkiskógum og gróðurlendum þjurlendis, eru þau vistkerfi hér á landi sem hvað mest hefur verið spillt. Aichi markmiðin frá 2010 miða að því að lokið verði að „endurheimta 15% laskaðra vistkerfa, og þannig dregið úr áhrifum loftslagsbreytinga og uppblæstri“.

Jafnframt er kveðið á um að dregið skuli úr hraða eyðingar vistkerfa um að minnsta kosti 50%. Það er því ljóst að stöðvun framræslu og endurheimt votlendis er veigamikill þáttur í framkvæmd samningsins um líffræðilega fjölbreytni. Mikil samlegðaráhrif eru milli hans og samningsins um loftslagsbreytingar.

RAMSAR SAMNINGURINN UM VERND OG ENDURHEIMT VOTLENDIS

Ramsar samningurinn um votlendi hefur staðfest mikilvægi votlendis í loftslagsmálum og hvatt aðildarríki til að lágmarka hnignun og endurheimta og bæta stjórnun nýtingar þeirra votlenda sem geyma mikið kolefni eða hafa mikla getu til að binda kolefni.

Ramsar samningurinn hefur sett fram stefnumótandi leiðbeiningar um það sem kallað er „wise use“ eða skynsamlega nýtingu. Það felur í sér:

- Að vernda óröskuð votlendi á landi.
- Að bleyta í og/eða endurheimta framræst og hnignuð votlendi.
- Ef nýta þarf votlendi, að gera það án þess að ræsa þau fram.
- Að bæta nýtingu votlenda sem ekki er hægt að endurheimta.



AEWA SAMNINGURINN UM VERND BÚSVÆÐA VOTLENDISFUGLA

Ísland er aðili að AEWA samningnum sem fjallar um vernd búsvæða votlendisfugla.

Samningurinn kveður á um aðgerðir til verndunar votlendisfuglum á viðkomustöðum þeirra og nær því til fjölda fuglategunda sem verpa eða hafa áningarstað á Íslandi.

HEIMSMARKMIÐIN UM SJÁLFBÆRA ÞRÓUN

Heimsmarkmiðin um sjálfbæra þróun fjalla m.a. um verndun og endurheimt votlendis.

Í 10. undirmarkmiði 15.1 segir: „Fyrir árið 2020, að tryggja verndun, endurheimt og sjálfbæra nýtingu lands og ferskvatnsvistkerfa og þjónustu þeirra, einkum skóga, votlendis, fjalla og þurrlendis, í samræmi við skuldbindingar alþjóðasamninga.“

BERNARSAMNINGURINN UM VERNDUN VILLTRA PLANTNA OG DÝRA



Markmið samningsins er að vernda evrópskar tegundir villtra plantna og dýra og lífsvæði þeirra, einkum þeirra tegunda og lífsvæða sem krefjast fjölþjóðlegrar samvinnu til að vernda tegundir villtra plantna, dýra og lífssvæða. Að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að viðhalda, eða aðlaga, stofnstærð villtra dýra og plantna, í samræmi við einkum vistfræðilegar, vísindalegar og menningarlegar kröfur. Samningnum fylgja fjórir viðaukar. Viðaukar I-III telja þær plöntur og þau dýr sem aðilum ber að vernda og ákvæði um verndun þeirra. Viðauki IV fjallar um forboðinn veiðibúnað og veiðiaðferðir.

LÖGUM UM NÁTTÚRUVERND NR. 60/201

Lög um náttúruvernd nr. 60/201 sem tóku gildi 15. nóvember 2015 eiga að stuðla að endurheimt raskaðra vistkerfa og auka þol íslenskra vistkerfa gegn náttúruhamförum og hnattrænum umhverfisbreytingum.

Þau eiga einnig að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni, m.a. með því að efla vistkerfi landsins svo eðli þeirra, gerð og virkni sé tryggð til framtíðar. Votlendi s.s. hallamýrar, flóar, flæðimýrar, rústamýrar 2 hektara að flatarmáli eða stærri, stöðuvötn og tjarnir 1000 m² að flatarmáli eða stærri og sjávarfitjar og leirur njóta sérstakrar verndar og ber að forðast að raska þessum vistkerfum nema brýna nauðsyn beri til.